

Teikningar skulu varðveittar hjá Siglingamálastofnun ríkisins sem fylgiskjal með mælingaskýrslum.

Siglingamálastofnun ríkisins getur krafist þess að fá í hendur aðrar teikningar, ef framlagðar teikningar teljast ófullnægjandi.

- 5.4. Tilkynna skal Siglingamálastofnun ríkisins um breytingar á skipum, sem áhrif hafa á mælingu þeirra og senda inn teikningar af þeim breytingum.

6. gr.

**Mælibréf.**

- 6.1. Skip, sem reglur þessar ná til, skulu hafa um borð íslenskt mælibréf útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 6.2. Siglingamálastofnun ríkisins getur heimilað yfirvöldum annarra ríkja að gefa út mælibréf samkvæmt reglum þessum til bráðabirgða.

7. gr.

**Gildistaka o.fl.**

- 7.1. Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1987 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
- 7.2. Mælibréf útgefið samkvæmt áður gildandi mælingareglum, skulu halda gildi sínu, svo fremi að ekki hafi verið gerðar meiriháttar breytingar á skipinu eftir gildistöku þessara reglna, sbr. 2. gr. þessara reglna.

*Samgönguráðuneytið, 27. maí 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðis skoðun, nr. 260 6. maí 1980.**

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Á umbúðum skal greina sláturmánuð og ár, hvaða tegund alifugla eða afurða umbúðir hafa að geyma, flokkun, magn eða þyngd, svo og heppilega meðferð vörunnar fyrir matreiðslu. Á allar umbúðir skal skrá eftirfarandi: Lítið fuglinn þiðna í umbúðunum og gætið þess að vökvinn úr kjötinu komist ekki í aðra matvöru eða á matreiðsluáhöld og búnað. Strax að lokinni þiðingu skal fuglinn steiktur vel eða soðinn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1987.*

**Jón Helgason.**

*Jón Höskuldsson.*